



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/187*  
*komudagur 19.11.2003*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 17.11.2003

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum og lögum um refsíðabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka, 146 mál.**

Markmið frumvarpsins er að samræma íslensk lög og Strassborgarsamninginn um spillingu frá 27.1 1999. Ákvæði frumvarpsins skýra sig sjálf og munu ef samþykkt verða fela í sér verðmæta leiðsögn í stjórnarsýslu hins opinberra og í viðskiptalífinu almennt. Um er að ræða erfiðan brotaflokk þar sem ákærvaldið mætir á tíðum verulegum sönnunarerfiðleikum. Tilboð um mútur eða tilboð um milligöngu um þær fara að líkindum fram í tveggja manna tali við aðstæður sem í sjálfu sér eru eðlilegar, sérstaklega í jafnlitlu samfélagi og Ísland er. Til þess að styrkja efni frumvarpsins og virka beitingu ákvæða þess ber brýna nauðsyn til þess að tryggja vernd og réttarstöðu þeirra sem veita upplýsingar sem leitt geta til þess að mútubrot fái upplýst. Þannig má leitast við að tryggja ákærvaldinu betri tækifæri til sönnunar en ella væri fyrir hendi. Jafnframt myndu slík ákvæði verða til þess að fleiri brot en ella fengjust rannsökuð. Fyrir Alþingi liggja tvö lagafrumvörp sem m.a. hafa þennan tilgang og mælir Alþýðusamband Ísland með því að þau verði einnig samþykkt. Hér er átt við málin nr. 41 og 42 um heimildarmenn og bótarétt þeirra.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ